

Nýting auðlinda á hafsbotni

Leyfisveitingar og stjórnsýsla

Lárus M. K. Ólafsson
Yfirlögfræðingur Orkustofnunar

Löggjöf varðandi nýtingu auðlinda á hafsbotni

- Yfirlit yfir löggjöf á forræði iðnaðarráðuneytis
 - Lög um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, nr. 57/1998
 - Raforkulög, nr. 65/2003
 - Lög um leit, rannsóknir og vinnslu kolvetnis, nr. 13/2001
 - Lög um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotnsins, nr. 73/1990
- Yfirstjórn → iðnaðarráðherra
- Leyfisveiting → Orkustofnun (OS)

Auðlindalög

- Lögin taka til auðlinda í jörðu í landi, í botni vatnsfalla og stöðuvatna og í sjávarbotni innan netlaga
- Framkvæmdir:
 - Rannsóknarleyfi → Heimild til þess að leita að viðkomandi auðlind á tilteknu svæði á leyfistímanum, rannsaka umfang, magn og afkastagetu hennar
 - Nýtingarleyfi → Heimild til handa leyfishafa til að vinna úr og nýta viðkomandi auðlind á leyfistímanum í því magni og með þeim skilmálum öðrum sem tilgreindir eru í lögnum og Orkustofnun telur nauðsynlega
- Heimilt er án leyfis að rannsaka og hagnýta á eignarlandi berg, grjót, möl, leir, sand, vikur, gjall og önnur slík gos- og steinefni, svo og mold, mó og surtarbrand

Auðlindalög

- Málsmeðferð
 - Umsókn → Umsagnir → Ákvörðun
- Umsagnaraðilar
 - Rannsóknarleyfi
 - Umhverfisráðuneyti
 - Landeigendur
 - Nýtingarleyfi
 - Umhverfisráðuneyti
 - Viðkomandi sveitarstjórn
 - Landeigendur
- Um rannsóknir og nýtingu gilda einnig náttúruverndarlög, skipulags- og byggingarlög og önnur lög sem varða rannsóknir og nýtingu lands og landsgæða

Raforkulög

- Lögin taka til vinnslu, flutnings, dreifingar og viðskipta með raforku á íslensku forráðasvæði án tillits til orkugjafa
- Framkvæmdir:
 - Virkjunarleyfi
 - Flutningskerfi
 - Dreifikerfi
- Málsmeðferð
 - Virkjunarleyfi og flutningskerfi
 - [Umhverfismat] → Umsókn → Auglýsing → Ákvörðun
 - Dreifikerfi
 - [Umhverfismat] → Umsókn → Auglýsing / Umsögn → Ákvörðun

Kolvetnislög

- Lögin taka til leitar, rannsókna og vinnslu kolvetnis og flutnings þess eftir leiðslukerfi utan netlaga í landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunni Íslands
- Íslenska ríkið er eigandi kolvetnis skv. lögnum. Leyfi frá OS þarf fyrir leit, rannsóknum og vinnslu á kolvetni. Annars vegar er um að ræða leitarleyfi, en hins vegar rannsóknar og vinnsluleyfi.
- Framkvæmdir:
 - Leitarleyfi og sérleyfi til rannsókna og vinnslu
 - Boranir í jarðlög undir hafsbotni
 - Bygging og uppsetning hafstöðvar
 - Lokun hafstöðvar
 - Bygging og starfræksla leiðslubúnaðar til vinnslu og flutnings kolvetnis
 - Bygging og starfræksla leiðslubúnaðar á vegum annars ríkis til flutnings á kolvetni milli landa um landgrunn Íslands

Kolvetnislög - Leitarleyfi

- Leitarleyfi eru veitt til að hámarki til þriggja ára
- Veita heimild til leitar með ýmsum jarðeðlis- og jarðefnafræðilegum aðferðum, sýnatöku af jarðlögum hafsbotsins án borunar og borunar eftir sýnum af jarðlögum allt að 25 metrum niður fyrir hafsbotn
- Leyfi til leitar að kolvetni er ekki sérleyfi og veitir leyfishafa ekki rétt til borunar eftir kolvetni, vinnslu kolvetnis eða forgangsrétt til að fá slíkt leyfi síðar
- Tekið er við umsóknum um leitarleyfi á öllum tímum, þ.e. er ekki háð sérstakri opnun svæðis eða útboðsferli

Kolvetnislög - Leitarleyfi

- Málsmeðferð
 - Umsókn → Umsagnir → Ákvörðun
- Umsagnaraðilar
 - Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis
 - Umhverfisiráðuneytis
 - Viðeigandi sveitarfélag ef sótt er um leyfi á svæði sem er innan 1 sjómílu frá netlögum

Kolvetnislög - Sérleyfi

- Leyfi til rannsóknar og vinnslu á kolvetni eru sérleyfi og veitt í kjölfar útboðs í samræmi við ákvæði kolvetnislaga
- Í nánar tilteknum tilvikum er heimilt að taka til greina umsóknir utan útboðstímabils í samræmi við 5 mgr. 8 gr. kolvetnislaga og grein 3(3) tilskipunar 94/22/EB
- Leyfi til rannsóknar og vinnslu kolvetnis eru veitt til allt að 12 ára
 - Heimilt er að framlengja það til allt að tveggja ára í senn
 - Hámarksgildistími leyfis til rannsókna skal þó ekki vera lengri en 16 ár
- Að uppfylltum þeim skilyrðum sem sett eru fyrir rannsóknum á leyfishafi forgangsrétt á framlengingu leyfisins til vinnslu kolvetnis í allt að 30 ár

Kolvetnislög - Sérleyfi

- Málsmeðferð
 - Meginreglan: Útboð → Auglýsing → Umsókn → Umsagnir → Ákvörðun
 - “Open Door”: Umsókn → Auglýsing → Umsagnir → Ákvörðun
- Umsagnaraðilar
 - Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis
 - Umhverfisaráðuneytis
 - Viðeigandi sveitarfélag ef sótt er um leyfi á svæði sem er innan 1 sjómílu frá netlögum

Kolvetnislög - Eftirlitsaðilar

- OS ber skylda til að starfrækja og leiða starf samráðshóps eftirlitsaðila vegna leitar, rannsókna og vinnslu kolvetnis við Ísland
- Í samráðshópnum skulu sitja 11 fulltrúar skipaðir af:
 - Brunamálastofnun
 - Flugmálastjórn Íslands
 - Geislavörnum ríkisins
 - Hafrannsóknastofnuninni
 - Landhelgisgæslu Íslands
 - Náttúrufræðistofnun Íslands
 - Orkustofnun
 - Siglingastofnun Íslands
 - Skipulagsstofnun
 - Umhverfisstofnun
 - Vinnueftirliti ríkisins

Lög um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotnsins

- Löggin taka til auðlinda á, í eða undir hafsbotninum utan netlaga og svo langt til hafs sem fullveldisréttur Íslands nær samkvæmt lögum, alþjóðasamningum eða samningum við einstök ríki
- Framkvæmdir:
 - Rannsóknarleyfi → Enginn má leita að efnum til hagnýtingar á, í eða undir hafsbotninum utan netlaga nema að fengnu skriflegu leyfi OS
 - Nýtingarleyfi → Óheimilt er að taka eða nýta efni af hafsbotni eða úr honum nema að fengnu skriflegu leyfi OS
- Skilyrði:
 - Leyfi til hagnýtingar efna á, í eða undir hafsbotni skal bundið við ákveðið svæði og gilda til ákveðins tíma sem ekki má vera lengri en 30 ár
 - Í leyfisbréfi skal m.a. ætíð greina hverjar ráðstafanir leyfishafi skuli gera til að forðast mengun og spillingu á lífríki láðs og lagar
 - Umhverfismat

Lög um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotnsins

- Málsmeðferð
 - [Umhverfismat] → Umsókn → Umsagnir → Ákvörðun
- Umsagnaraðilar
 - Lögbundinn:
 - Umhverfisstofnun, sbr. 1. mgr. 47. gr. náttúruverndarlaga, nr. 44/1999
 - OS hefur eftir atvikum leitað umsagnar eftirfarandi aðila:
 - Hafrannsóknarstofnunarinnar
 - Siglingastofnunar
 - Hlutaðeigandi sveitarfélags
 - þ.m.t. heilbrigðisnefndir og heilbrigðiseftirlit
 - Fiskistofu
 - Fornleifaverndar ríkisins
 - Annarra aðila eftir atvikum sem hagsmuna hafa að gæta á umræddu svæði
 - t.d LÍÚ, Landssambands veiðifélaga, Landssambands smábátæigenda.

Lög um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotnsins

- Útgefin leyfi frá 2008 (OS)
 - 14 leyfi
 - Þar af eru 9 leyfi enn í gildi
 - Svæði:
 - SV → 8 (4)
 - NL → 1
 - NV → 2
 - VF → 3 (1)
- Þá er í gildi eitt leyfi sem veitt var af iðnaðarráðherra fyrir 2008
 - Kalkpörungar í Arnarfirði
- Á vegum iðnaðarráðuneytis hefur verið unnið að því að setja bæði reglugerð og gjaldskrá á grundvelli laganna